

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 53/98  
frá 29. maí 1998**

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/98 frá 6. mars 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB frá 6. október 1997 um breytingu á tilskipun 84/450/EBE varðandi villandi auglýsingar þannig að hún taki einnig til samanburðarauglýsinga<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 84/450/EBE) í XIX. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **397 L 0055:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB frá 6. október 1997 (Stjtið. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 18).“.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 272, 8.10.1998, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 8. 10. 1998, bls. 99.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 18.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbato

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner